

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi

Á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

1. gr.

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þír. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrirsgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2024:

Tekjumörk einstaklings á ári	Tekjumörk hjóna á ári	Gjald á klst 2026	
Undir 5.495.332	Undir 6.580.660	0	
Milli 5.495.713-9.040.428	Milli 6.580.661 – 9.308.726	990 kr	
Yfir 9.040.428	Yfir 9.308.726	1396. kr	

2.gr.

Notandi heimaþjónustu greiðir fyrir þrif á heimili en önnur félagsleg heimaþjónusta þ.e. umönnunarþjónusta og félagslegur stuðningur er endurgjaldslaus.

Gjaldskráin er endurskoðuð árlega.

3.gr.

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu- og húsnæðismála. Skal það gert eigi síðar en þremur mánuðum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

4. gr.

Reglur þessar eru samþykktar af velferðarnefnd þann 05.02. 2026 og öðlast gildi 01.03.2026